

## REGLUGERÐ

### um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti.

#### 1. gr.

Orkustofnun skal safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.

#### 2. gr.

Til að sinna hlutverki sínu samkvæmt 1. gr. er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skyld er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni gögn samkvæmt reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Eftirtöldum gögnum ber að skila til Orkustofnunar:

1. Söluötolum eftir notkunarflokkum, sem skilgreindir eru í 5. gr. Gera skal grein fyrir óvissu í tölum.
2. Upplýsingum um birgðastöðu í upphafi og við lok árs.
3. Upplýsingum um rýrnun: Gera skal grein fyrir þeirri rýrnun sem orðið hefur á birgðum á því ári sem tölurnar ná til.

#### 4. gr.

Upplýsingar um söluötulur, birgðir og rýrnun skulu gefnar í tonnum.

Fyrir hverja eldsneytistegund skal jafnframt gefa upp eðlisþyngd í kílógrömmum á lítra, orkuinnihald í megajúlum á kílógramm, kolefnisinnihald sem hlutfall af massa og brenni-steinsinnihald sem hlutfall af massa. Þetta skulu vera mæld gildi, ekki gildi gefin upp skv. stöðlum. Gildin skulu mæld fyrir hvern eldsneytisfarm sem berst til landsins. Uppgefið gildi til Orkustofnunar skal vera vegið meðaltal hversrar eldsneytistegundar.

#### 5. gr.

Eftirfarandi eru þeir notkunarflokkar sem vísað er til í 3. gr. reglugerðar þessarar. Orku-stofnun gefur út leiðbeiningar með nánari skýringum á flokkun eldsneytis:

1. Flugvélabensín tekið hér á landi, innlend notkun
2. Flugvélabensín tekið hér á landi, millilandanotkun
3. Blýlaust bensín á bifreiðar
4. Steinolía, samgöngur
5. Steinolía, annað
6. Þotueldsneyti tekið hér á landi, innlend notkun
7. Þotueldsneyti tekið hér á landi, millilandanotkun
8. Dísilolía á bifreiðar (frá söludælu)
9. Dísilolía á tæki (frá bíl)
10. Dísilolía, innlend fiskiskip
11. Dísilolía, erlend fiskiskip
12. Dísilolía, önnur skip, innlend notkun

13. Dísilolía, önnur skip, millilandanotkun
14. Dísilolía, húshitun og sundlaugar
15. Dísilolía, steinefnaiðnaður
16. Dísilolía, framleiðsla og vinnsla málma
17. Dísilolía, matvæla- og drykkjarvöruíðnaður utan fiskimjölsiðnaðar
18. Dísilolía, fiskimjölsiðnaður
19. Dísilolía, efnaiðnaður
20. Dísilolía, annar iðnaður
21. Dísilolía, orkuvinnsla
22. Dísilolía, annað
23. Skipagasolía, innlend fiskiskip
24. Skipagasolía, erlend fiskiskip
25. Skipagasolía, önnur skip, innlend notkun
26. Skipagasolía, önnur skip, millilandanotkun
27. Skipagasolía, húshitun og sundlaugar
28. Skipagasolía, steinefnaiðnaður
29. Skipagasolía, framleiðsla og vinnsla málma
30. Skipagasolía, matvæla- og drykkjarvöruíðnaður utan fiskimjölsiðnaðar
31. Skipagasolía, fiskimjölsiðnaður
32. Skipagasolía, efnaiðnaður
33. Skipagasolía, annar iðnaður
34. Skipagasolía, orkuvinnsla
35. Skipagasolía, annað
36. Flotadísilolía, innlend fiskiskip
37. Flotadísilolía, erlend fiskiskip
38. Flotadísilolía, önnur skip, innlend notkun
39. Flotadísilolía, önnur skip, millilandanotkun
40. Flotadísilolía, húshitun og sundlaugar
41. Flotadísilolía, steinefnaiðnaður
42. Flotadísilolía, framleiðsla og vinnsla málma
43. Flotadísilolía, matvæla- og drykkjarvöruíðnaður utan fiskimjölsiðnaðar
44. Flotadísilolía, fiskimjölsiðnaður
45. Flotadísilolía, efnaiðnaður
46. Flotadísilolía, annar iðnaður
47. Flotadísilolía, orkuvinnsla
48. Flotadísilolía, annað
49. Svartolía tekin hér á landi, innlend fiskiskip
50. Svartolía, erlend fiskiskip
51. Svartolía, önnur skip, innlend notkun
52. Svartolía, önnur skip, millilandanotkun
53. Svartolía, húshitun og sundlaugar
54. Svartolía, steinefnaiðnaður
55. Svartolía, framleiðsla og vinnsla málma
56. Svartolía, matvæla og drykkjarvöruíðnaður utan fiskimjölsiðnaðar
57. Svartolía, fiskimjölsiðnaður
58. Svartolía, efnaiðnaður
59. Svartolía, annar iðnaður
60. Svartolía, orkuvinnsla

61. Svartolía, annað
62. Kol, iðnaður
63. Kol, málmvinnsla
64. Koks, iðnaður
65. Koks, málmvinnsla
66. Kol, annað
67. Koks, annað
68. Gas, heimili
69. Gas, landbúnaður
70. Gas, iðnaður
71. Gas, framleiðsla og vinnsla málma
72. Gas, þjónusta
73. Gas, annað
74. Metan á bifreiðar
75. Metan, orkuvinnsla
76. Metan, annað
77. Vetni á bifreiðar
78. Vetni, annað
79. Úrgangsolía
80. Skautleifar
81. Timburkurl

6. gr.

Gögnum skal skilað til Orkustofnunar á því formi sem stofnunin ákveður, fyrir 15. mars ár hvert vegna næstliðins almanaksárs. Sé gögnum ekki skilað innan tilgreinds frests er Orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 87/2003, sbr. lög nr. 48/2007, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 28. mars 2008.*

**Össur Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Skarphéðinsson.*